

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



Hörpu

11.-12. nóv. 2021



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN

Styrktaraðilar
Sjávarútvegsráðstefnunnar

www.sjavarutvegsradstefnan.is

EIMSKIP


HAMPIÐJAN



ISI ICELAND
SEAFOOD

Hvíta Öxusíð





1. Konur í sjávarútvegi (2 x 2 m)

2. Hampiðjan (3 x 2 m)

3. TM og Hvatningarverðlaun (6 x 2 m)

4. Sæplast, iTUB og Tempra (3 x 2 m)

5. Óráðstafað (3 x 2 m)

6. Fishfacts (2 x 2 m)
7. Matís (2 x 2 m)

8. Trackwell (2 x 2 m)

9. Skólar (4 x 2 m)

10. Naust marine (2 x 2 m)

11. Valka (2 x 2 m)

12. Marel (2 x 2 m)
13. Hvíta húsið (3 x 2 m)

14. Íslandsbanki (3 x 2 m)

15. Kælismiðjan Frost (3 x 2 m)

16. Afaktoring/Tradewind (3 x 2 m)

17. Iceland Seafood International (3 x 2 m)

18. Samey Robotics (2 x 2 m)
20. Sæplast, iTUB og Tempra (3 x 2 m)

21. Hvíta húsið (3 x 2 m)

22. Hampiðjan (3 x 2 m)

23. Iceland Seafood International (3 x 2 m)

24. Íslandsbanki (3 x 2 m)

FIMMTUDAGUR 11. NÓVEMBER

- 10.00

Íslenskur sjávarútvegur

Silfurberg
- 12.00

Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 13.00

Samkeppnishæfni íslenskra fiskframleiðanda

Silfurberg A

Sjálfbærni

Silfurberg B

Nordic Seals – friend or foe?

Kaldalón
- 14:45

Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 15:15

Staðan, nýjungar og framtíðarhorfur í fiskvinnslu

Silfurberg A

Kynningar þjónustuaðila sjávarútvegs (kostaðar kynningar)

Silfurberg B

Nordic Seals – friend or foe?

Kaldalón
- 17:00

Móttaka í boði Íslandsbanka

FÖSTUDAGUR 12. NÓVEMBER

- 09.00

The importance of origin

Silfurberg A

Hver er munurinn á íslenskum og norskum makríl

Silfurberg B

Vísindaleg samvinna sjávarútvegsins, sjómanna og Hafrannsóknastofnunar

Kaldalón
- 10.40

Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 11.10

Hvað skiptir máli í sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum?

Silfurberg A

Haftengd nýsköpun – horft til framtíðar

Silfurberg B

Öryggismál sjómanna og fiskvinnslufólks

Kaldalón
- 12.50

Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 13.20

Menntun í sjávarútvegi

Silfurberg A
- Bein og óbein áhrif loftslagsbreytinga á íslenskan sjávarútveg

Silfurberg B

Nýting dýrasvifs og miðsjávartegunda

Kaldalón

15.00

Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

Silfurberg B



Góð þjónusta fyrir þitt fyrirtæki

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar hópur fólks með sérþekkingu á greininni.

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili
Sjávarútvegsráðstefnunnar 2021





Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2021 og eigandi ráðgjafafyrirtækisins Mergur ráðgjöf ehf.



Ávarp formanns

Sjávarútvegsráðstefnan 2021 verður haldin í Hörpu dagana 11.-12. nóvember. Tvö ár eru síðan ráðstefnan var haldin síðast þar sem fresta þurfti ráðstefnunni árið 2020 vegna Covid-19 heimsfaraldursins og því mikil eftirvænting eftir því að halda ráðstefnuna í ár.

Dagskráin er fjölbreytt að vanda og málefnið í takt við það sem brennur á fólki í greininni hverju sinni auk allra þeirra nýjunga og framfara sem íslenskur sjávarútvegur vinnur að til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Í opnunarmálstofunni sem ber heitið Íslenskur sjávarútvegur mun verða farið yfir stöðu kynjanna í sjávarútvegi, sölu og markaðssetningu og ímynd íslensks sjávarútvegs ásamt því að fjalla um hann í samhengi við sjávarútveg í Danmörku og Noregi. Að lokinni opnunarmálstofu verða verða málstofur um samkeppnishæfni íslenskra fiskframleiðenda, sjálfbærni sem og stöðu, nýjungar og framtíðarhorfur í fiskvinnslu. Einnig verður sérstök málstofa um seli á norðlægum slóðum þar sem farið verður yfir selastofninn í norður Atlantshafi og áhrif hans á vistkerfið og sjávarútveginn. Málstofa með kostuðum kynningum er á sínum stað þar sem fyrirtæki kynna vörur og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Á seinni deginum verða málstofur um markaðsmál, öryggismál, menntun og umhverfismál en einnig málstofur þar sem fjallað verður um þorskin og þjóðarbúið, muninn á íslenskum og norskum makríl, nýtingu dýrasvifs og miðsjávartegunda sem og um vísindalega samvinnu sjávarútvegsins, sjómanna og Hafró um gagnasöfnun o.fl. Málstofa um haftengda nýsköpun mun fjalla um hvernig sjávarútvegur getur stuðlað að fæðuöryggi, framtíðarþróun í framleiðslu próteina í heiminum, verðmætasköpun með líftækni og hvaða tækifæri sjávarútvegnum standa til boða í tengslum við vistvænar umbúðir.

Á aðalfundi Sjávarútvegsráðstefnunnar þann 17. nóvember 2020 var 16. grein í samþykktum félagsins er lúta að stjórn félagsins breytt. Breytingin fól í sér að í stað 8 einstaklinga sem skipaðir væru til tveggja ára í senn, yrði stjórnin skipuð 6 einstaklingum sem sömuleiðis sætu tvö ár í senn. Til að tryggja sem mesta breidd skal einn fulltrúi koma frá þjónustufyrirtæki, einn frá opinberri stofnun, einn frá samtökum, einn frá markaðsfyrirtæki og tveir frá sjávarútvegsfyrirtækjum. Ár hvert skulu 3 stjórnarmenn ganga úr stjórn og 3 nýir stjórnarmenn kosnir í þeirra stað. Undir 16. grein voru einnig gerðar þær breytingar að í stað þess að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins sjái alfarið um skipulagningu málstofa yrðu starfræktir fimm faghópar sem aðstoði stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar við efnisval og að koma málstofum í framkvæmd. Með þessu móti verður enn frekar tryggt að málefni ráðstefnunnar séu í takt við tíðarandann og styðji við framþróun íslensks sjávarútvegs. Stjórn félagsins mun skipa í faghópana og skal stefnt að því að einn fulltrúi úr stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar sé í hverjum faghópi.

Þar sem ráðstefnan féll niður árið 2020 var stjórninni haldið óbreyttu og þeir stjórnarmenn sem komnir voru

á skrið með undirbúning málstofa héldu áfram með undirbúninginn ásamt öðrum umsjónarmönnum.

Sú breyting verður einnig á þessu ári að aðeins verður gefið út rafrænt ráðstefnuhefti. Ábendingar hafa komið frá ráðstefnugestum, styrktaraðilum o.fl. um að meiri áhersla verði lögð á umhverfismál á ráðstefnunni og einn liður í því er að hætt að prenta ráðstefnuheftið.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2019 var áhersluatriðið "Leiðandi vettvangur í tíu ár". Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2021 verður áhersluatriðið „Konur eru líka í sjávarútvegi“. Allt frá upphafi Sjávarútvegsráðstefnunnar hefur verið áhersla á að gera konur innan sjávarútvegsins sýnilegar og hefur verið lagt til við umsjónarmenn málstofa á fyrri ráðstefnum að hafa það í huga við val á málstofustjóra og fyrirlesurum. Á ráðstefnunni í ár eru 68 fyrirlesara og þar af eru 22 konur og því til viðbótar eru 9 konur málstofustjórar í þeim 15 málstofum ráðstefnunnar í ár. Félag kvenna í sjávarútvegi munu vera með kynningarbás á ráðstefnunni þar sem gestum gefst kostur á að kynna féluginu.


Það er okkur sérstakur heiður að fá Sigríði Vigfúsdóttur framkvæmdastjóra Prímex til að opna ráðstefnuna 2021. Sigríður hefur í gegnum vinnu sína hjá Prímex kynnst flestum hliðum sjávarútvegs með sérstakri áherslu á aukna nýtingu sem og rannsóknir og þróun til verðmætasköpunar. Þá mun Dr. Ásta Dís Óladóttir dósent í Viðskiptafræðideild við Háskóla Íslands fara yfir stöðu kynjanna í sjávarútvegi, þá þróun sem orðið hefur á undanförunum árum og gera grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sem Félag kvenna í sjávarútvegi lét gera nýverið í erindi sínu í opnunarmálstofunni.

Hvatningarverðlaunin verða á sínum stað og hafa 3 tilnefningar verið valdar úr hópi tilnefninga. Dr. Ásta Dís Óladóttir, fyrir ötult starf við menntun og fræðslu á sviði sjávarútvegstengdra málefna, Marea, ungt sprotafyrirtæki sem er að þróa lífplastefni úr íslenskum þara og LAX-INN, ný fræðslumiðstöð fiskeldis.

Að lokum vil ég þakka styrktaraðilum, fyrirlesurum, umsjónarmönnum málstofa og málstofustjórum fyrir ykkar framlag til Sjávarútvegsráðstefnunnar 2021. Sjáumst í Hörpu dagana 11.-12. nóvember.

Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður stjórnar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2021.

Endurnýtanlegar umbúðir fyrir íslenskan sjávarútveg





KONUR Í SJÁVARÚTVEGI

Konur í sjávarútvegi er félag sem stofnað var árið 2013 með það markmið að tengja, efla og auka samstarf kvenna innan sjávarútvegsins og tengdum greinum.

Stofnfundur félagsins var haldinn í höfuðstöðvum Íslandsbanka þar sem mættu yfir 100 konur og hefur bankinn verið öflugur bakhjarl allar götur síðan ásamt Háskólanum á Akureyri.

Félagskonurnar koma úr fjölbreyttum áttum samfélagsins, til að mynda úr háskólasamfélaginu, hátækni og sprotafyrirtækjum, fjármálastofnunum, flutningageiranum og síðast en ekki síst sjávarútvegsfyrirtækjum en þær hafa það allar sameiginlegt að tengjast sjávarútveginum og haftengdum greinum á einn eða annan hátt.

Starfsár KIS fylgir kvótaárinu, byrjar í september og er fram í maí. Haldnir eru viðburðir í hverjum mánuði og hafa þeir einkennst af fyrirtækjaheimsóknum þar sem allt það nýjasta í sjávarútvegi er skoðað. Vegna Covid færðust heimsóknir yfir í fræðslutengda viðburði á netinu. Nú er aftur að opnast fyrir heimsóknir og margt spennandi framundan, nýjar vinnslur, skip og hugvit.

KIS telur sýnileika kvenna innan greinarinnar gífurlega mikilvægan til að auka á fjölbreytileikan og hvetjum við og styðjum félagskonur í að vera sýnilegar og öflugar fyrirmyndir fyrir komandi kynslóðir.

Skráning í félagið er á www.kis.is





Við komum góðu til leiðar

Eimskip hefur í áratugi verið leiðandi í flutningi sjávarafurða frá Íslandi og hefur átt í góðu samstarfi við íslenskan sjávarútveg. Við leggjum okkur fram við að veita afbragðsþjónustu og aðstoðum fyrirtæki við að koma afurðum sínum á alþjóðlega markaði.

Við komum góðu til leiðar í sjávarútvegi

Eimskip | Sundabakka 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | www.eimskip.is



Silfurberg **Fimmtudagur 10.00–1200**

Stjórn
Sjávarútvegsráðstefnunnar
 – Umsjónarmaður

Edda Hermannsdóttir
 Samskiptastjóri Íslandsbanka
 – Málstofustjóri

10.05 Opnun
Sigríður Vigfúsdóttir, framkvæmdastjóri, Primex ehf.

10.35 Sala og markaðssetning á sjávarfangi

11.15 Stiklað á stóru, sjávarútvegur í Danmörku, Noregi og á Íslandi
Jóhannes Pálsson, forstjóri, FF Skagen

11.50 Afhending Hvatningarverðlauna

Silfurberg A Fimmtudagur 13.00–14.45

Heiðmar Guðmundsson Lögfræðingur, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi – Umsjónarmaður	Rósa Guðmundsdóttir Framleiðslustjóri, Guðmundur Runólfsson hf. – Málstofustjóri
--	--

13.20 Án samkeppnishæfni, enginn sjávarútvegur

14.00 Forskot íslenskrar fiskvinnslu vegna tækni­stígs
Ingveldur Ásta Björnsdóttir, framkvæmdastjóri North 65 ehf.,
stjórnarmaður í Odda hf. og stjórnarformaður D-tech ehf.

**Silfurberg B** Fimmtudagur 13.00–14.45

Sjálfbærni er hugtak sem hefur átt síauknum vinsældum að fanga síðastliðin ár. Hugtakið eins og við þekkjum það í dag er þó ekki gamalt og talið er að það sé jafnvel yngra en kvótakerfið okkar. Sjálfbærni hefur engu að síður spilað stórt hlutverk í íslenskum sjávarútvegi um áratuga skeið því setning kvótakerfisins árið 1984 var einmitt hugsuð til að afstýra ofveiði og auka hagkvæmni í geiranum. Í kjölfar aukinna vinsælda sjálfbærni á síðastliðnum árum þá hafa fyrirtæki og stofnanir verið að leggja meiri áherslu á þennan málaflokk og þar er sjávarútvegur engin undantekning.

Runólfur Geir Benediktsson Forstöðumaður, Íslandsbanki
– Umsjónarmaður

13.00 Sjálfbær fjármál og bláar lánveitingar

Krístún Tinna Gunnarsdóttir, forstöðumaður Stefnumótunar og sjálfbærni, Íslandsbanki

13.20 Ábyrgar fiskveiðar

Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður Ábygrga fiskveiða ses

13.40 Samfélagsstefna sjávarútvegs

15.00 Mikilvægi sjálfbærni í sjávarútvegi

Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri nýsköpunar, samfélagsábyrgðar og fjárfestatengsla, Brim

15.20 Umræður

Kaldalón **Fimmtudagur 13.00–17.00**

Seal hunting used to be an important industry in the north-Atlantic for centuries, as seal hunters from Norway, Finland, Greenland, Denmark, Iceland, Russia and Canada harvested annually hundreds of thousands of seals. This industry became heavily criticised in the 1980's as animal welfare issues started to be raised. Around the turn of the century the seal hunting had become politically and socially unacceptable, which had effects on markets for the products, making it difficult for commercial seal hunting to continue. The industry has as results been almost non-existent for the past three decades. The effects of ceasing all seal hunting, after centuries of commercial sealing, has presented challenges, as seal populations have grown and caused difficulties for fishermen and fishing communities. On the other hand, there are many that see the value in protecting these adorable creatures, and there is an industry emerging around seal watching and tourism. At this session we will present key information on seal populations in the N-Atlantic and adjacent areas, the impact they have on the ecosystem and the seafood industry. We will also explore alternatives for seal management and potential commercial utilisation.

Jónas R. Viðarsson Research Group Leader, Matís – Supervisor

13.00 Welcome and introductions
Chair of the session

13.05 Report of the Nordic seals project

Elvar Traustason, Matís





Iceland Seafood
traustur samstarfsaðili

www.icelandseafood.com

- 13.25

NAMMCO and seal management

Genevieve Desportes, NAMMCO
- 13.45

Seal management in Iceland: Status of the seal populations and research on population ecology and anthropogenic interactions

Sandra M. Granquist, MFRI
- 14.05

Seals in Canada

Heather Burke, MUN
- 14.25

Ringed seals in the northern Baltic Sea: From management to modelling of seal-fish-fisheries interactions

Karl Lundström, SLU
- 14.45

Coffee break
- 15.15

Seals and ecosystem modelling

Henrik Sparholt, University of Copenhagen
- 15.35

Effects of seal populations on fisheries

Michael Andersen, DK fisk
- 15.55

Are seals a wasted resource?

Unn Laksá, Blue Resource
- 16.15

Panel discussions

Staðan, nýjungar og framtíðarhorfur í fiskvinnslu

- Silfurberg A

Fimmtudagur 15.15–17.00

Tækniþróun hefur verið hröð undanfarin ár og haft áhrif á mismunandi aðila sem koma að fiskvinnslu. Áframhaldandi tækniþróun mun móta framtíð fiskvinnslu, bæði á sjó og landi. En hvernig er staðan núna, og hvert stefnum við? Nýjar lausnir hafa verið teknar í notkun með góðum árangri og nú er tími til að huga að næstu skrefum. Í þessari málstofu munu ýmsir aðilar úr fiskvinnslu varpa ljósi á stöðu mála, áskoranir, framtíðarsýn og þarfir í kringum tækja og hugbúnaðalausnir. Fjallað verður um hvernig aukin áhersla á sveigjanleika í vinnslu, sjálfbærni, trygging vinnuafsts og aðrir þættir hafa áhrif á hvers konar lausnir fiskvinnslur, af mismunandi stærðum, kalla eftir. Einnig verður fjallað um hvernig hægt sé að nýta reynslu og þekkingu úr eldisiðnaði í bolfiskvinnslu.
- Gunnhildur Ómarsdóttir

Vörustjóri, Marel

– Umsjónarmaður
- Aðalheiður María Vigfúsdóttir

Deildarstjóri gæða- og umbóta hjá Völku

– Málstofustjóri

- 15.15

Endurnýjun bolfiskvinnslu Brims – Staðan í dag og horft til framtíðar

Gísli Kristjánsson, framleiðslustjóri, Brim
- 15.30

Hátæknivinnsla Samherja á Dalvík – Reynslan og næstu skref til framtíðar

Jón Sæmundsson, vinnslustjóri, Samherji
- 15.45

Frá hafbotni í öskjukassann -Tækifæri og áskoranir í vinnslu út á sjó

Sölvi Lárusson, Sólberg
- 16.00

What can the whitefish industry potentially learn from the salmon industry?

Bertil Buysse, Managing Director Mowi consumer products UK

- 16.25

Pallborðsumræður

Kynningar þjónustuaðila sjávarútvegs (kostaðar kynningar)

Silfurberg B

Fimmtudagur 15.15–17.00

Markmiðið er að gefa þjónustuaðilum sjávarútvegs möguleika á að kynna vörur og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Hér er um kostaðar kynningar að ræða og ekki er verið að kynna fyrirtækið eða almennar vörur eða þjónustu sem það býður upp á. Vonast er til að kynning á nýjungum í sjávarútvegi auðveldi ákvörðunartöku í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

- Valdimar Ingi Gunnarsson

Sjávarútvegsráðstefnan

– Umsjónarmaður
- Grímur Valdimarsson

Ráðgjafi

– Málstofustjóri

- 15.15

Meðhöndlun fiskikara með Róbót

Kristján Ármannsson, Véltekiðnaði, Samey Robotics
- 15.25

Tailor made trade finance solutions for the Icelandic seafood industry

René Pastor and Klarissa Blatnik, Tradewind GmbH
- 15.35

Hringrásarhagkerfið – Endurnotkun, endurvinnsla og endurframleiðsla umbúða í sjávarútvegi

Hilmir Svavarsson, framkvæmdarstjóri, iTUB AS
- 15.45

Mikilvægi flutninga í samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs á alþjóðamarkaði

Sigurður Orri Jónsson, forstöðumaður útflutnings og stórflutnings hjá Eimskip
- 15.55

Auknar áskoranir í sóttgreinsun við matvælaframleiðslu

Guðmundur Sigþórsson, framkvæmdastjóri, D-Tech ehf.
- 16.05

Fishfacts – digitalizing the worlds fishing industry

Hanus Samró, Co-founder & Director of Sales, Fishfacts
- 16.15

Orkuskipti í íslenskum höfnum, staða rafmagnslandtenginga og fyrirhuguð uppbygging

Kjartan Jónsson, rafiðnfræðingur, Verkís
- 16.25

xxxxxxxxxxxxxxxx

Óráðstafað
- 16.35

xxxxxx

Óráðstafað

SÍÐAN

Hvífa Óhásid



Porskur og þjóðarbúið

Silfurberg A Föstudagur 09.00–10.40

Í efnahagslegu tilliti er þorskur langmikilvægasta fisktegundin við Ísland. Þorskafurðir hafa staðið undir 30-40% af heildarútflutningstekjum sjávarafurða frá Íslandi á undanförnum árum og skilað þjóðarbúinu mikilvægum tekjum. Þorskur hefur verið mikilvægur lífi í landinu á sögulegum tíma, bæði sem útflutningsvara og til manneldis. Breytingar á þessari auðlind hafa verið bæði af mannavöldum og náttúrlegar. Í þessari málstofu verður farið yfir nýjustu rannsóknir á gildi þorsks og þorskveiða í sögulegu samhengi og stöðu mála í dag. Farið verður yfir nýjar rannsóknir á stjórnun þorskveiða, áhrif umhverfisbreytinga á far og ferðir þorskungviðis og gildi vistkerfis- og félagshagrænna þátta við nýtingu auðlindarinnar.

Bjarki Þór Elvarsson

Tölfræðingur,
Hafrannsóknastofnun
– Umsjónarmaður

Daði Már Kristófersson

Prófessor við Háskóla Íslands
– Málstofustjóri

09.00 Mikilvægi þorsks og þorskveiða fyrir hagkerfið

Sveinn Agnarsson, Prófessor í hagfræði við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

09.15 Hlutverk sjávarafurða í efnahag Íslendinga: áhrif breytinga í sjávarútvegi á samfélag Íslendinga fyrir 1900

Ragnar Edvardsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

09.30 United under One Cod: a research program on the complexities of cod fishing and their utility for fisheries management

Pamela Woods, fiskifræðingur, Hafrannsóknastofnun

09.45 Álagsþættir á uppeldisstöðvar þorskfiskseiða: rannsóknir með hljóðmerkjum

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður, Háskóli Íslands, Rannsóknasetur Vestfjarða

10.00 Fiskveiðar til framtíðar: Samspil vistkerfis og félagshagrænna þátta við nýtingu sjávarauðlinda

Jóhannes Guðbrandsson, nýdoktor, Landbúnaðaháskóli Íslands

10:15 Umræður

Hver er munurinn á íslenskum og norskum makríl

Silfurberg B Föstudagur 09.00–10.40

Íslenskur og norskur makrill er vissulega sama tegundin og heitir sama latneska heitinu, Scomber scombrus. En er þetta samt sem áður sama varan? Erum við Íslendingar að framleiða algjörlega sambærilega afurð við Norðmenn þegar kemur að makríl? Erum við að bera saman epli og epli eða erum við að bera saman epli og appelsínur? Undanfarin misseri hefur átt sér stað mikil umræða hér á landi um mögulegan verðmun á íslenskum og norskum makríl. Í þessari málstofu verður leitast til við að kanna þennan mögulega verðmun á makríl frá Íslandi og Noregi og svara nokkrum áleitnum spurningum þar að lútandi. Er gæðamunur á þessum makríl? Fæst í raun hærra markaðsverð fyrir þann norska? Er hinn ólíki veiðitími að hafa áhrif á verð? Eru vinnsluaðferðir ólíkar? Eru þessi tvö lönd að sinna sömu mörkuðum varðandi makríl? Hvað með markaðssetninguna? Þessum spurningum og mörgum fleiri verður svarað í málstofunni og er vonast til að þeir sem hana sækja gangi út úr henni með skýr svör er varðar muninn á hinum íslenska makríl annars vegar og hinum norska hins vegar.

Tinna Gilbertsdóttir

Sölustjóri, Iceland Seafood ehf.
– Umsjónarmaður

Björn Maríus Jónasson

Sölustjóri, Iceland Seafood ehf.
– Málstofustjóri

09.00 Gæði og vinnsla íslensks og norsks makríls

Hildur Inga Sveinsdóttir, verkefnistjóri hjá Matís og aðjúnkt við



Háskóla Íslands

09.20 Sala og markaðssetning á íslenskum makríl

Friðleifur Friðleifsson, deildastjóri, Iceland Seafood ehf.

09.40 Mackerel – Icelandic vs Norwegian

Yohei Kitayama, Director – VSV Japan

10:00 Umræður

Vísindaleg samvinna sjávarútvegsins, sjómanna og Hafrannsóknastofnunar

Kaldalón Föstudagur 09.00–10.40

Sjávarútvegsfyrirtæki, sjómenn og Hafrannsóknastofnun hafa unnið saman að rannsóknum á fiskistofnum áratugum saman. Dæmi um langvinna samvinnu eru endurheimtur á merktum fiski sem veita upplýsingar um far og útbreiðslu fiskistofna. Merkingar hófust við Ísland sumarið 1903 þegar skarkoli var merktur á Skjálfanda og ári síðar var þorskur merktur í Loðmundarfirði en það var til að kanna hvort þorskur á bilinu 40-60 cm héldi sig fyrir austan land árið um kring. Árið 1948 hófust merkingar á síld en þær merkingar sönnuðu að norsk-íslensk vorgotssíld fer frá Noregi til Íslands yfir sumarmánuðina. Síðan hafa orðið miklar tækniframfarir á fiskamerkjum og fjöldi tegunda eru merktar í dag. Fiskifræðingar geta aðeins unnið úr merkingargögnum ef fiskar endurheimtast, og skil á merkjum eru því forsenda þessara rannsókna. Sjómenn og starfsfólk í sjávarútvegsfyrirtækjum hafa verið öflugir liðsmenn í merkingarverkefnum og er þátttaka þeirra ómetanleg. Annað dæmi um áratugalanga samvinnu er söfnun aflasýna um borð í uppsjávarskipum sem eru mikilvæg fyrir stofnmat á uppsjávarfiskum. Á heimsvísu hefur þátttaka sjávarútvegsfyrirtæki og sjómanna í rannsóknum á lífríki hafsins aukist mikið undanfarin ár. Nýlega stofnaði Alþjóðahafrannsóknaráðið vinnuhóp þar sem sjávarútvegsfyrirtæki og vísindamenn vinna saman að þróun gagnasöfnunar um borð í fiskiskipum og í fiskiverksmiðjum fyrir rannsóknir á fiskistofnum og á lífríki hafsins.

Anna Heiða Ólafsdóttir

Fiskifræðingur,
Hafrannsóknastofnun
– Umsjónarmaður

Hrafn Sævaldsson

Ós ehf.
– Málstofustjóri

09.00 Merkingar og endurheimtur á fiskum við Ísland

Ingibjörg G. Jónsdóttir, sjávarvistfræðingur á Hafrannsóknastofnun

09.25 Veiðiskip notuð sem rannsóknaskip við loðnurannsóknir

Birkir Bárðarson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun

09.40 Mikilvægi aflasýna frá sjávarútveginum fyrir stofnmat á uppsjávarfiskum

Lísa Libungan, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun

09.50 Vísindasamvinna milli sjávarútvegs og vísindaheimsins í Evrópu

Anna Heiða Ólafsdóttir, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun

10.00 Umræður



GLORIA®

Pantroll

HELIX™

Pantæknin

Pankraftur

Streymi yfir kaðal fer lengri leið.
Meiri hraði = Minni þrýstingur

Streymi undir kaðal fer styttri leið.
Minni hraði = Meiri þrýstingur

HELIX

- Opnast fljótt við kast
- Meiri opnun í togi
- Heldur lögun vel í beygjum
- Hljóðbylgjur beinast innávið

HAMPIÐJAN

hampidjan.is

Helix pantæknin er einkaleyfisvarin

Hvað skiptir máli í sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum?

Silfurberg A Föstudagur 11:10 – 12:50

Mikið hefur verið rætt um markaðsmál og sameiginlega markaðssetningu á sjávarafurðum hin síðari ár. Hér á árum áður báru stór sölusamtök svo sem SÍF, SH og Íslenskar sjávarafurðir uppi sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum og ber flestum í greininni saman um að það sé meginástæða fyrir því góða orðspori sem Íslenskar sjávarafurðir hafa á sér. Hin síðari ár hefur þetta verið ómarkvissara og fyrirtækin unnið meira hvert í sínu horni í sölu og markaðssetningu og einungis á þeim afurðum sem hvert og eitt þeirra veiða og vinna. Hugmyndin er að fara aðeins í gegnum söguna og snerta á því sem hefur reynst vel og staðið og annað sem ekki hefur reynst jafnvel. Taka stöðuna á þessum málum í dag og sjá hvar við stöndum í samanburði við kröfur markaða og samkeppnina. Tilgangurinn er að sjá út og undirstrika þær aðgerðir eða atriði sem mestu skipta þegar kemur að sölu og markaðssetningu á sjávarafurðum frá Íslandi auk þess að velta því upp hvort við þurfum ekki heilsteypitari stefnu þegar kemur að sölu og markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum heldur en nú er?

Karl Hjálmarsson

Forstöðumaður markaðs- og samskipta, Iceland Seafood International
– Umsjónarmaður

Ingunn Agnes Kro

Framkvæmdastjóri Jarðvarma, eignarhaldsfélags
– Málstofustjóri

11.10 Árangur, endalok og arfleifð sölusamtaka í sjávarútvegi
Kristján Hjaltason, markaðs- og sölustjóri, Norebo Europe

11.30 Seafood from Iceland – hvað þarf til að ná árangri?
Björgvin Þór Björgvinsson, fagstjóri sjávarútvegs, Íslandsstofa

11.50 Fiskur til erlendra stórmarkaða
Árni Geir Pálsson fyrrverandi forstjóri Icelandic Group

12.10 Umræður

Haftengd nýsköpun – horft til framtíðar

Silfurberg B Föstudagur 11:10 – 12:50

Enn eru mikil tækifæri til hvers kyns nýsköpunar í sjávarútvegi. Sjálfvirknivæðing og almennt bætt meðhöndlun aflans hefur gert það að verkum að hærri hlutfall er unnið í hágæða afurðir og því meiri framlegð út úr hverju veiddu kíló af fiski. Tækifæri í líftæknivinnslu, auknar kröfur neytenda um sjálfbærni og vistvænni matvælaframleiðslu sem og breytingar í framboði á próteinum eru allt þættir sem munu hafa áhrif á sjávarútveg í framtíðinni. Í málstofunni mun verða rætt um framtíðarþróun í framleiðslu próteina í heiminum, verðmætasköpun í sjávarútvegi með líftækni, hvernig stjórnendur í sjávarútvegi meta tækifærin til enn frekari verðmætasköpunar og hvaða tækifæri sjávarútvegnum standa til boða í tengslum við umbúðir og lífplast.

Hólmfríður Sveinsdóttir

Mergur ráðgjöf ehf.
– Umsjónarmaður

Evgenía Kristín Mikaelisdóttir

Þekkingarsetur Vestmanneyja
– Málstofustjóri

11.10 Krísa og tækifæri í framleiðslu á kjöti, fiski og öðrum próteinafurðum – ólgusjór framundan?
Júlíus B. Kristinsson, verkefnastjóri viðskiptaþróunar, ORF Líftækni hf.

11.25 Mikilvægi líftækni fyrir lífhagkerfið
Elísabet Eik Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Matís

11.40 Tækifæri til frekari nýsköpunar og aukinnar verðmætasköpunar í sjávarútvegi
Ásta Dís Óladóttir, dósent við Háskóla Íslands

11.55 Hemp-derived polyhydroxyalkanoate bioplastics: a sustainable and biodegradable alternative
Sean Scully, stofnandi Hemp Pack

12.10 Þaratengdar nýsköpunarleiðir í þróun á pakkningum fyrir sjávarútveginn
Julie Encausse, stofnandi og framkvæmdastjóri Marea

12.25 Umræður



Öryggismál sjómanna og fiskvinnslufólks

Kaldalón Föstudagur 11:10 – 12:50

Öryggismálum sjómanna og fiskverkafólks hefur verið gefinn aukinn gaumur undanfarin ár. Hvers vegna fækkar banaslysum og alvarlegum slysum til sjós og lands? Hvað höfum við gert vel, hvar og hvernig getum við bætt okkur. Hvert er hlutverk Slysavarnarskóla sjómanna, Siglingaráðs og Rannsóknarnefndar samgönguslysa? Öryggishandbækur um borð í fiskiskipum og í fiskvinnslunni. Hvert er þeirra hlutverk í bættri öryggismenningu á vinnustöðum í landi og til sjós?

Valmundur Valmundsson

Formaður Sjómannasambands Íslands
– Umsjónarmaður

Halldór Oddsson

Lögfræðingur hjá ASÍ
– Málstofustjóri

11.10 Hvar erum við og hvert förum við
Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnarskól sjómanna

11.30 Öryggismenning á sjó
Jón A. Ingólfsson, rannsóknarstjóri – sjóslysasvið, Rannsóknarnefnd

11.50 Fagráð um siglingar: Samstarf um stefnu og aðgerðir
Ásta Þorleifsdóttir, sérfræðingur hjá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

12.00 Öryggishandbækur fyrir sjávarútveg
J. Snæfríður Einarsdóttir, HSE Consulting og Björn Halldórsson, öryggisstjóri, Þorbjörn

12.20 Umræður



KONUR ERU LÍKA Í SJÁVARÚTVEGI



Eitt klikk og allt getur klikkað!



Með **Netöryggistryggingu TM** er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar.

Kynntu þér málið á tm.is

Hugsum í framtíð

TM

Menntun í sjávarútvegi

Silfurberg A Föstudagur 13:20-15:00

Menntun er grunnforsenda framgangs og framþróunar í sjávarútvegi, hvort sem litið er til verkgreina, grunnrannsókna, tækniþróunar eða stjórnunarstöðu. Á Íslandi hefur nám í sjávarútvegi verið lengi í boði s.s. í sjómannaskólanum, iðngreinum, sjávarútvegstengdu námi á framhalds- og háskólastigi. Námi þessu hefur þó verið misvel sinnt, m.a. vegna skort á fjármögnun. Fjalla verður um hver er þörfin í menntun í hátæknivinnslum og einnig stoðgreinum sem tengjast haftengda nýsköpun. Í þessari málstofu verður gefið yfirlit yfir námsþörf fyrirtækja sem sinna matvælavinnsla sjávarútvegsins á Íslandi og hugmyndir settar fram um framtíðarsýn í samræmi við þarfir atvinnugreinarinnar og stefnu stjórnvalda.

Ásdís Vilborg Pálsdóttir
Fisktækniskólinn
– Umsjónarmaður

Kristjana Magnúsdóttir
Verkefnastjóri mannauðsmála,
Brim
– Málstofustjóri

13.20 Ávarp
XXXXXXXXXXXX

13.30 Menntun í hátækni-bolfiskvinnslu
Sunneva Ósk Guðmundsdóttir, gæðastjóri, Samherji

13.40 Er menntun framtíðin í uppsjávarvinnslum? Hver er þörfin?
Fanneý Björk Friðriksdóttir, gæðastjóri, Brim

13.50 Framtíðar kröfur um menntun í hátæknivinnslu
Halldór Þorkelson, vörustjóri, Marel

14.00 Haftengd nýsköpun
Elís Guðmundsson, framkvæmdarstjóri, Fisherman

14.10 Menntun í sjávarútvegi – nú og til framtíðar
Sigurjón Arason, yfirverkfræðingur frá Matís og prófessor við Háskóla Íslands

14.25 Umræður

Bein og óbein áhrif loftslagsbreytinga á íslenskan sjávarútveg

Silfurberg B Föstudagur 13:20-15:00

Loftslagsbreytingar koma til með að hafa mikil áhrif á sjávarútveg á heimsvísu og er íslenskur sjávarútvegur þar ekki undanskilinn. Á meðan að langflest Evrópuríki hafa sett fram aðlögunaráætlanir vegna loftslagsbreytinga er þessi vinna skammt á veg komin hér á landi og því lítil sem engin yfirsýn til staðar yfir mögulegt loftslagstengt tjón eða aðlögunarþörf innan íslensks sjávarútvegs næstu ár eða áratugi. Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum var þó gefin út í september sl., sem felur í sér skýr markmið innan sjávarútvegsins. Áhrif loftslagsbreytinga á sjávarútveg eru ekki bara bundin við lífvænleika og dreifingu nytjastofna eða aðra líffræðilega þætti, heldur bendir ýmislegt til þess að markaðir, efnahagur þjóða og fyrirtækja, sem og samfélagslegir og pólitískir þættir, komi einnig til með að verða fyrir breytingum. Á þessari málstofu verður leitast við að varpa ljósi á möguleg áhrif loftslagsbreytinga á íslenskan sjávarútveg út frá öllum hliðum, hvernig atvinnugreinin mun þurfa að aðlagast breyttu landslagi og hvaða áhættur og tækifæri felast í slíkri vegferð.

Ragnhildur Friðriksdóttir
Verkefnastjóri hjá Matís
– Umsjónarmaður

Hildur Hauksdóttir
Sérfræðingur í umhverfismálum hjá
Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegii
– Málstofustjóri

13.20 Loftslagsbreytingar og sjávarútvegur – Kemur þetta okkur virkilega við?
Ragnhildur Friðriksdóttir, verkefnastjóri Matís

13.35 Horfur um ástand umhverfis og vistkerfa í hafinu við Ísland næstu áratugi
Guðmundur J. Óskarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs
Hafrannsóknastofnunar

13.50 Loftslagsbreytingar, hafið og hagsældin
Sveinn Agnarsson, Prófessor í hagfræði við Viðskiptafræðideild



Háskóla Íslands

14.05 Áhrif „ofveiði“ á markaðsmál og vottun afurða
Jóhannes Pálsson, FF Skagen og Scandic Pelagic

14.20 Breytingar á ástandi sjávar og stjórn veiða úr deilistofnum
Jóhann Sigurjónsson, sérlegur ráðgjafi í málefnum hafsins,
Utanríkisráðuneytið

14.35 Understanding and adapting to a changing climate for UK seafood
Dr Angus Garrett, Head of Horizon Scanning and Long Term Issues, Seafish, UK

14.45 Umræður

Nýting dýrasvifs og miðsjávartegunda

Kaldalón Föstudagur 13:20-15:00

Í málstofunni verður fjallað um mögulega nýtingu dýrasvifs og miðsjávartegunda. Stöðug fjölgun jarðarbúa og aukin eftirspurn sjávarafurða hefur valdið auknum þrýstingi á nýtingu fiskstofna. Vegna þess er í auknum mæli leitað af öðrum tegundum úr hafinu sem hægt er að nýta með sjálfbærum hætti til framleiðslu á sjávarafurðum. Farið verður yfir mikilvægi dýrasvifs í fæðuvef hér við land, tilraunaveiðar síðustu ára á bæði dýrasvifi og miðsjávartegundum og hvaða framtíðartækifæri eru til staðar við veiðar, vinnslu og markaðssetningu á þessu sviði.

Páll Guðmundsson
Fyrrverandi fram-
kvæmdastjóri Huginn
– Umsjónarmaður

Hildur Pétursdóttir
Sjávarvistfræðingur, Hafrannsóknastofnun
– Málstofustjóri

13.20 Dýrasvif við Ísland – nýtanleg aulind?
Ástþór Gíslason, sjávarlíffræðingur, Hafrannsóknastofnun

13.35 Veiðar og vinnsla á rauðátu
Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri, Þekkingarsetur
Vestmanneyja

13.50 Gulldepluveiðar Íslendinga 2009-2011
Sigurður Þór Jónsson, fiskifræðingur, Hafrannsóknastofnun

15.05 Gulldepla miðsjávartegundir – Umhverfi og hvernig náum við árangri?
Páll Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdarstjóri
útgerðarfélagsins Huginn

15.25 Flottrollsveiðar á miðsjávartegundum, saga og framtíð
Guðmundur Gunnarsson, Þróunarstjóri veiðarfæra
Hampiðjunnar 1970 - 2020

14.40 Umræður



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM

Þrír aðilar hafa verið valdir úr hópi tilnefninga til að hljóta Hvatningarverðlaun
Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM árið 2021.

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM eru veitt ungum fyrirtækjum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum fyrir nýbreytni og þróunarverkefni sem þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag sem talið er að muni treysta stoðir íslensks sjávarútvegs. Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og verðlaunagripsins Sviföldunnar.

Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða, stuðla að nýbreytni og vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.

Hver sem er getur tilnefnt fyrirtæki eða einstakling til hvatningarverðlaunanna og að þessu sinni bárust 15 tillögur, sem spanna yfir alla virðiskeðju sjávarútvegs. Fjórar tillögur sneru að menntun og fræðslu, fjórar að þróun líftæknaífurða og/eða fæðubótaefna, fjórar að tækninýjungum í framleiðslu og vinnslu, og þrjár að markaðssetningu sjávarfangs.

Sex manna dómnefnd skipuð aðilum úr sjávarútvegsfyrirtækjum, rannsóknarstofnunum, tæknifyrirtækjum og þjónustuaðilum við sjávarútveginn lagði mat á tilnefningarnar til verðlaunanna. Við mat á tillögum var litið til frumleika og áhrifa á virðisaukningu. Einnig var litið til áhrifa á ímynd íslensks sjávarútvegs, sjálfbærni og samstarfs. Allar tillögurnar sem bárust komu sterklega til greina til að hljóta hvatningarverðlaunin, en eftirfarandi þrjár tillögur þóttu þó skara fram úr.

Marea ehf.

Marea ehf. er ungt sprotafyrirtæki sem er að þróa lífplastefni úr íslenskum þara sem ber nafnið Þaraplast. Allir þekkja þann vanda sem við er að etja í tengslum við notkun á plasti og plastfilmum, en plastmengun er stórt vandamál sem hefur áhrif jafnt á lífríki sjávar og heilsufar okkar mannfólksins. Marea er að vinna í þróun á fjölbreyttum gerðum af Þaraplastfilmum sínum sem eru sveigjanlegar og hafa mismunandi eiginleika.

Marea er komið lengst á veg með þróun á filmu sem hefur það að markmiði að koma í staðin fyrir millilagningarplöst í sjávarútvegi. Þaraplastið getur því verið umhverfisvæn lausn á plastnotkun í sjávarútvegi sem mun stuðla að bættri ímynd og virðisaukningu. Marea ehf. samanstendur af Julie Encausse, Eddu Björk Bolladóttur og Eydísi Sigurðardóttur Schiöth, en um þessar mundir er rannsóknar- og vöruþróunarteymið að stækka.

LAX-INN fræðslumiðstöð fiskeldis

LAX-INN er ný fræðslumiðstöð fiskeldis á Grandagarði í Reykjavík, þar sem hægt að kynna sér starfsemi fiskeldis með beintengingu myndavéla bæði í land- og sjóeldi á landsbyggðinni ásamt ýmsu öðru fræðsluefni um þessa atvinnugrein. Lögd er áhersla á fræðslu um hvernig fiskeldi við íslenskar aðstæður fer fram, frá hrogni til fisks og alla leið á disk neytenda.



Velkomin í móttöku í Eyri

- forrými á 2. hæð í Hörpu

Það er okkur sönn ánægja að bjóða þér í móttöku í Eyri
á 2. hæð í dag, fimmtudaginn 11. nóvember, milli kl. 17 og 19.

Á boðsstólnum verða frískandi veitingar og léttir tónar.

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili
Sjávarútvegsráðstefnunnar 2021



Tilgangur fræðslumiðstöðvarinnar er að „opna“ glugga að starfsemi fiskeldis hér á landi, uppfærða og vekja áhuga almennings á sjálfbærri matvælaframleiðslu atvinnugreinarinnar. Enn fremur er markmiðið að miðla þekkingu um stöðu og framþróun í tækni eldisferilsins og gera upplýsingar um umhverfispætti aðgengilega. Að lokum er markmiðið að gera tækifærin sem byggja á mikilli tækniþróun og nýsköpun sýnileg.

LAX-INN fræðslumiðstöðin byggir á því að fyrirtæki og stofnanir sem tengjast lagareldi kynni starfsemi sína sem er um leið fræðsla á heildarferli eldis. Veg og vanda að stofnun fræðslumiðstöðvarinnar á Sigurður Pétursson.

Ástu Dís Óladóttir

Dr. Ásta Dís Óladóttir er dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands sem hefur stundað ötult starf við menntun og fræðslu á sviði sjávarútvegstengdra málefna. Hún hefur á skömmun tíma byggt upp öflugt námskeið innan HI sem er vinsælt meðal nemenda og vekur hjá þeim áhuga á sjávarútvegi, með áherslu á nýsköpun og nýjar leiðir til virðisaukningar. Þá hefur hún haft einstakt lag á því að fá kennara og stjórnendur úr sjávarútvegi til liðs við sig svo eftir hefur verið tekið.

Ásta Dís kemur að stofnun Sjávarlíftæknivettvangs Íslands í Vestmannaeyjum, en markmið verkefnisins er að leggja grunn að uppbyggingu á öflugum og breiðum vettvangi í sjávarlíftækni í Vestmannaeyjum með sterkri aðkomu

þekkingarsamfélagsins, atvinnugreinarinnar og Vestmanneyjabæjar. Er þar gott dæmi um áherslu Ástu Dísar á nýsköpun og nýjar leiðir til verðmætasköpunar í sjávarútvegi.

Hún er einnig öflugur rannsakandi á sviðinu, skrifað greinar, bókakafla og bók um sjávarútveg en hún og Ágúst Einarsson, fyrrum deildarforseti Viðskiptafræðideildar HI gáfu nýlega út bókina „Fisheries and aquaculture the food security of the future“.

Áhugi Ástu Dísar á jafnréttismálum hefur einnig vakið athygli, en hún hefur skrifað fjölmargar greinar og bókakafla um jöfn tækifæri kynja í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu, þ.m.t. í sjávarútvegi og fengið birt bæði hér á landi og erlendis og verið virkur þátttakandi í umræðu um stöðu jafnréttismála.



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN



Powering the global seafood industry through practical trade finance solutions.

www.tradewindfinance.com

Click to learn more

Styrktaraðilar
Sjávarútvegsráðstefnunnar